

rétt fyrir neðan vaðið. Eyjan í tjörninni tilheyrir öll Höskuld-
stöðum.

Málskostnaður falli niður. Gjafsóknarlaun lögmanns stefnanda
skulu vera kr. 40.000,00.

Miðvikudaginn 14. desember 1988.

Nr. 135/1987. **Stefán G. Stefánsson**
Þóroddur Stefánsson og
P. Stefánsson & Co.

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

bæjarfógetanum í Kópavogi

Landsbanka Íslands

Íðnaðarbanka Íslands hf.

Alþýðubankanum hf.

Gjaldheimtunni í Hafnarfirði

Sambandi íslenskra samvinnufélaga

bæjarfógetanum í Hafnarfirði og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðmundur Vignir Jónsson hrl.)

Uppboð. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson,
Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason
og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl
1987. Kröfur áfrýjenda eru þær að nauðungaruppboðsgerð, sem

fram fór á húseigninni Norðurvangi 32 í Hafnarfirði 17. febrúar 1986, verði hrundið og hún ómerkt og synjað verði um framgang nauðungaruppboðsins að öllu leyti og stefndu in solidum gert að greiða áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu, bæjarfógetanna í Kópavogi og Hafnarfirði, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Landsbanka Íslands, eru gerðar þær kröfur að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði staðfest og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Af hálfu stefndu, Iðnaðarbanka Íslands hf., Alþýðubankans hf., Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði og Sambands íslenskra samvinnufélaga, hefur ekki verið sótt þing í málinu og engar kröfur verið hafðar uppi. Gögn málsins bera með sér að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. afturkallaði uppboðsbeiðni sína á uppboðsdegi, 17. febrúar 1986.

I.

Hinn 25. apríl 1984 krafðist bæjarfógetinn í Kópavogi sem innheimtumaður ríkissjóðs uppboðs á fasteigninni Norðurvangi 32 í Hafnarfirði til lúkningar á söluskattsskuld áfrýjanda Þórodds Stefánssonar frá árinu 1982, 266.392,00 krónum, og á þinggjalda-skuld hans að fjárhæð 142.956,00 krónur. Beiðnin var byggð á tveimur lögtaksgerðum er fram fóru 2. apríl 1984, en áfrýjandi Þóroddur var sjalfur viðstaddur gerðirnar og benti á fasteignina, sem hann kvaðst eiga að hálfu á móti föður sínum.

Áfrýjanda Þóroddi var tilkynnt um uppboðsbeiðni þessa með bréfum uppboðshaldarans í Hafnarfirði 4. maí og 28. maí 1984 og var honum þar tilkynnt að uppboðið myndi hefjast í skrifstofu uppboðshaldarans 10. ágúst 1984 kl. 10:00. Samkvæmt fyrra bréfinu var tilkynnt að auglýsing yrði send Lögbirtingablaði eigi síðar en 25. maí 1984.

Auk bæjarfógetans í Kópavogi hafa eftirtaldir aðilar krafist uppboðs á framangreindri eign og ekki afturkallað beiðnir sínar, að því er séð verður í gögnum málsins:

Hafnarfjarðarbær með beiðni 18. maí 1984 vegna fasteignagjalda, Brunabótafélag Íslands með beiðni 5. júlí 1984 vegna brunabótaiðgjalds, Gjaldheimtan í Reykjavík með beiðnum 15. júní 1984 og 8. nóvember 1985 vegna opinberra gjalda á grundvelli lögtaka,

Landsbanki Íslands, veðdeild, með beiðni 4. október 1985 á grundvelli 2ja veðskuldabréfa, Þorsteinn Garðarsson með beiðni 7. janúar 1985 á grundvelli fjárnáms, Gjaldheimtan í Hafnarfirði með beiðnum 21. október 1985 vegna fasteignagjalda og 15. janúar 1986 á grundvelli lögtaks, Samband íslenskra samvinnufélaga með beiðni 13. nóvember 1985 á grundvelli fjárnáms og Alþýðubankinn hf. með tveimur beiðnum 25. nóvember 1985 á grundvelli fjárnáma. Auk þess var innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði aðili uppboðsins á grundvelli 2ja lögtaksgerða 2. apríl 1984 og 10. október 1985. Þá kom ný uppboðsbeiðni frá bæjarfógetanum í Kópavogi 14. nóvember 1985 á grundvelli lögtaks.

Uppboðsheimildir þær, sem fyrir lágu í máli þessu, náðu ýmist til eignarhluta áfrýjanda Þórodds Stefánssonar í húseigninni Norðurvangi 32, þ.e. aðfarargerðir innheimtumanna ríkissjóðs í Kópavogi og Hafnarfirði, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Þorsteins Garðarssonar, Sambands íslenskra samvinnufélaga og Alþýðubankans hf., eða til húseignarinnar allrar, þ.e. lögveðskröfur Brunabótafélags Íslands og Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, annað lögtak Gjaldheimtunnar í Reykjavík og veðskuldabréf Veðdeildar Landsbanka Íslands.

II.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Hafnarfjarðar í skrifstofu uppboðshaldarans 10. ágúst 1984, en auglýsing um uppboðið hafði verið birt í 60., 62. og 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 1984. Var þá tekið fyrir að „selja við nauðungaruppboð Norðurvang 32, Hafnarfirði, eigandi Guðmundur Halldórsson, eftir kröfu bæjarfógetans í Kópavogi, Hafnarfjarðarbæjar, Brunabótafélags Íslands og Gjaldh. í Reykjavík“.

Mætt var af hálfu uppboðsbeiðenda en uppboðspoli var ekki mættur. Var ákveðið að sala færi fram á eigninni.

Næst var málið tekið fyrir á sama stað 29. október 1984 og var þá mætt af hálfu uppboðsbeiðenda en ekki af hálfu áfrýjanda Þórodds.

Málið var síðan tekið fyrir 22. janúar 1985 að Norðurvangi 32. Er þá bókað að fyrir sé tekið að „selja á nauðungaruppboði fasteignina nr. 32 við Norðurvang í Hafnarfirði, þinglesin eign Guðmundar Halldórssonar, talin eign Þórodds Stefánssonar, að kröfu

bæjarfógetans í Kópavogi, Innheimtu ríkissjóðs, Hafnarfjarðarbæjar, Brunabótafélags Íslands, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Veðdeildar Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands hf., Jóns Ingólfssonar hdl. og Kópavogskaupstaðar og Bergs Guðnasonar hdl. Skjöl málsins nr. 1 - 33 liggja frammi. Lagt er nú fram nr. 34 - 50 beiðnir, veðskuldabréf, endurrit aðfarargerða, sölutilkynningar og auglýsing birt 19.01. 1985 í DV.

Af hálfu uppboðsbeiðenda mæta Jón Ingólfsson hdl., Bergur Guðnason hdl., Kristján Ólafsson, lögmaður Kópavogskaupstaðar, Gunnar Bjarnason, innheimtufulltrúi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og Kristján Sigurgeirsson, lögfræðingur f.h. Landsbanka Íslands og Ara Ísberg hdl. Uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs.

Af hálfu uppboðspola er ekki mætt.

Uppboðshaldari kynnti framlögð skjöl einkum veðbókavottorð og söluskilmála.

Að því búnu hófust sölutilraunir.

Eitt boð kom fram kr. 500.000,- frá mættum Bergi Guðnasyni, hdl. f.h. Þorsteins Garðarssonar.

Ákveðið var að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni og fer það fram eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara.“

Mál þetta var þessu næst tekið fyrir 14. febrúar 1985 að Norðurvangi 32 og segir svo í bókun: „Skjöl málsins nr. 1 - 50 liggja frammi, en uppboðshaldari leggur nú fram nr. 51 - 64, sölutilkynningar (afrit og ljósrít), afrit auglýsingar, sem birtist í DV 11.02. 1985, ljósrít úr fasteignaregistri, ljósrít kaupsamnings, ljósrít skrár yfir veðskuldir og ljósrít tilkynningar til firmaskrár.

Af hálfu uppboðsbeiðenda eru mættir Bergur Guðnason, hdl. v. Þorsteins Garðarssonar, Jón G. Zoëga, hdl. v. Valdimars Jóhannessonar, Kristján Ólafsson, hdl. v. Kópavogskaupstaðar, Gunnar Bjarnason v/Gjaldheimtunnar í Rvík., Bragi Björnsson, hdl. v/Veðd. Landsbanka Íslands sem veðhafa, uppboðshaldari gætir hagsmuna ríkissjóðs. Uppboðspoli Þóroddur Stefánsson er mættur.

Einnig er mættur Róbert Árni Hreiðarsson, hdl. v/Stefáns G. Stefánssonar, Engihjalla 19, Kópavogi.

Með vísan til dómskjala 62 - 64, mótmælir hann uppboði á húseigninni að því er snertir eignarhluta umbjóðanda hans, sem sé helmingur eignarinnar.

Aðspurður kveður uppboðspoli Þóroddur Stefánsson að afsal hafi verið gefið út fyrir eign þessari á grundvelli rskj. 62, en telur afsalið liggja óþinglýst hjá þinglýsingadómara, þar sem þinglýsingargjöldin séu ógreidd.

Uppboðspoli mótmælir kröfu Þorsteins Garðarssonar, sem greiddri.

Aðilar eru ásáttir um að fresta sölu eignarinnar í stuttan tíma.

Uppboðsbeiðendur taka eigi til greina að svo stöddu mótmæli Stefáns G. Stefánssonar.

Sala á eigninni fer fram eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara.“

Kaupsamningur, sem lagður var fram í ljósriti í þinghaldi þessu, er dagsettur 30. september 1982 og samkvæmt honum selja Guðmundur Halldórsson og Sigrún Sigurðardóttir Þ. Stefánssyni & Co. einbýlishúsið Norðurvang 32 í Hafnarfirði. Skyldi eignin laus til afnota þá strax og afsal gefið út eigi síðar en 25. janúar 1983.

Samkvæmt ljósriti tilkynningar til firmaskrár 5. maí 1981, sem liggur fyrir í málinu, er fyrirtækið „Þ. Stefánsson“ sameign áfrýjenda Stefáns G. Stefánssonar og Þórodds Stefánssonar og er hinn síðarnefndi prókúruhafi fyrirtækisins.

Uppboðsmál þetta var síðan tekið fyrir í skrifstofu uppboðshaldarans 27. mars, 22. maí og 26. júní 1985. Í öll skiptin mætti einn aðili fyrir uppboðsbeiðendur en enginn af hálfu uppboðspola. Í síðastgreinda þinghaldinu var frestur veittur til 25. september 1985. Þann dag var uppboðsþing sett að Norðurvangi 32 og fyrir tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina nr. 32 við Norðurvang í Hafnarfirði, helming eignarinnar, sem er talin óskipt sameign Stefáns Stefánssonar og Þórodds Stefánssonar, uppboðið nær til engarhl. Þóroddar Stefánssonar.“ Mætt var af hálfu Íðnaðarbanka Íslands hf. og Gjaldheimtunnar í Reykjavík og af hálfu uppboðspola. Lögmaður uppboðspola og sameiganda hans óskaði eftir fresti með tilvísun til bréfs Bergs Guðnasonar hdl., þar sem fram kemur að lögmaðurinn hafði tekið að sér að telja fram til skatts fyrir áfrýjanda Þórodd, sem ekki hafði talið fram í nokkur ár. Var samþykkt að veita frest til jánúarmánaðar, en umboðsmaður Gjaldheimtunnar í Reykjavík kvaðst líta svo á að hér væri um lokafrest að ræða.

Enn var málið tekið fyrir 8. janúar 1986 að Norðurvangi 32 en

auglýsing hafði birst í DV 4. sama mánaðar um annað og síðasta uppboð. Er bókað í upphafi að fyrir sér tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina Norðurvang 32, Hafnarfirði, sem er þingl. eign Guðmundar Halldórssonar“. Mætt var af hálfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Iðnaðarbanka Íslands hf., Veðdeildar Landsbanka Íslands, svo og af hálfu áfrýjenda. Lagðar voru m.a. fram í þinghaldinu nýjar uppboðsbeiðnir Veðdeildar Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, Sambands íslenskra samvinnufélaga, bæjarfógetans í Kópavogi og Alþýðubankans hf. Umboðsmaður áfrýjenda kvaðst mótmæla framlagningu nýrra skjala og óskaði eftir 4ra vikna fresti til að kynna sér efni þeirra, þar sem hann hefði ekki haft tök á að kynna sér þau. Var frestur veittur „eftir nánari ákvörðun uppboðshaldara og verður uppboðsbeiðendum og uppboðspólum tilkynnt um stað og stund fyrir næstu fyrirtöku málsins“.

Málið var síðan tekið fyrir 17. febrúar 1986 í bifreiðinni G-4711 fyrir utan húsið Norðurvang 32. Var bókað í upphafi að fyrir væri tekið að „selja á nauðungaruppboði öðru og síðasta fasteignina nr. 32 við Norðurvang, Hafnarfirði, sem er þingl. eign Guðmundar Halldórssonar“. Voru lögð fram ný skjöl, uppboðsbeiðni Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, lögtaksendurrit, 9 sölutilkynningar, þar á meðal til áfrýjanda Þórodds, nýtt veðbókarvottorð og afrit auglýsingar, sem birtist í DV 15. sama mánaðar, svohljóðandi: „NAUÐUNGARUPPBOÐ annað og síðasta á eigninni Norðurvangur 32 (að hálfu), Hafnarfirði, talin eign Þóroddar Stefánssonar, fer fram á eigninni sjálfri mánudaginn 17. febrúar 1986, kl. 15.30.“ Mættir voru umboðsmenn Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, fjármálaráðuneytis, Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Veðdeildar Landsbanka Íslands.

Var síðan bókað: „Uppboðspoli er ekki mættur og enginn af hans hálfu, eignin sem selja á er læst og virðist enginn vera heima.

Viðstaddir umboðsmenn uppboðsbeiðenda krefjast þess að sala á eigninni fari fram hér og nú.

Snorri Olsen lögfræðingur óskar bókað að engin sönnun sé fyrir hendi um það, að eignin sem hér ræðir um, þ.e. Norðurvangur 32, Hafnarfirði, sé ekki nema að hálfu leyti eign gerðarþola Þórodds Stefánssonar.

Eftir að uppboðsskilmálar og veðbókarvottorð höfðu verið kynnt viðstöddum var leitað boðs í eignina og kom aðeins eitt boð fram, frá Snorra Olsen, lögfræðingi v/fjármálaráðuneytisins, kr. 900 þúsund, og krefst hann þess að eignin verði lögð út umbjóðanda hans fjármálaráðuneytinu sem ófullnægðum veðhafa með venjulegum skilyrðum.

Uppboðshaldari getur þess að fyrra uppboð á eigninni hafi farið fram þ. 22. janúar 1985 og hafi þá hæsta boð í eignina verið kr. 500 þúsund og hafi átt boðið Bergur Guðnason, hdl.

Uppboðshaldari tekur sér frest í allt að 14 daga til athugunar á framkomnum boðum.“

III.

Svo sem áður er fram komið krafðist Brunabótafélag Íslands uppboðs á ofangreindri eign til lúkningar á ógreiddum brunabótaiðgjöldum að fjárhæð 1.498,10 krónur. Þá krafðist Bergur Guðnason hdl. f.h. Þorsteins Gardarssonar uppboðs á eigninni til lúkningar skuldar samtals að fjárhæð 2.333.953,00 krónur. Svo sem fram er komið átti hann hæsta boð í eignina á fyrra uppboðinu, 22. janúar 1985.

Eigi verður séð af gögnum málsins að ofangreindir tveir kröfuhafar hafi afturkallað beiðnir sínar. Eru þeir því aðilar uppboðsins í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949. Efnisdómur í Hæstarétti um uppboðið myndi og binda þá. Þeim hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að visa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til að greiða stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, bæjarfógetanum í Kópavogi, bæjarfógetanum í Hafnarfirði og Landsbanka Íslands málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Áfrýjendur skutu uppboðsmáli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 17. mars 1986, en sú málssókn féll niður 1. apríl 1987 vegna útvistar áfrýjenda. Dómsgerðir voru staðfestar 4. mars 1986, áður en áfrýjunarstefna var tekin út fyrra sinni. Ágrip dómsgerða bárust Hæstarétti fyrst 2. nóvember 1987, og hefur dráttur á undirbúningi þessa máls fyrir Hæstarétti ekki verið réttlættur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Áfrýjendur, Stefán G. Stefánsson, Þóróddur Stefánsson og Þ. Stefánsson & Co., greiði in solidum stefndu Gjaldheimtunni í Reykjavík 35.000,00 krónur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs bæjarfógetanum í Kópavogi og bæjarfógetanum í Hafnarfirði samtals 35.000,00 krónur og Landsbanka Íslands 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
